

Orðanefnd læknafélaganna

Fyrsti „netfundur“ orðanefndarinnar var haldinn með Zoom-forriti þann 10. desember 2020 kl. 9:30, en þetta var 82. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson, orðanefndarmenn, og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Eyjólfur Þ. Haraldsson og Reynir Tómas Geirsson boðuðu forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 81. fundar, sem áður hafði verið send nefndarmönnum, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu tveir orðalistar sem áður höfðu verið sendir til nefndarmanna.

Physical allergy. Þetta heiti hafði áður verið tekið fyrir, m.a. á síðasta fundi, en ekki tókst að ljúka umræðunni þá. JHJ lagði fram skjal með færslum úr Íðorðasafni lækna þar sem fram koma þær þýðingar á „physical“ sem notaðar hafa verið í mismunandi heitum: eðlisfræðilegur (2), endurhæfingar- (3), líkamlegur (8), líkams- (6), orku- (3), skoðun(ar)- (2) og sjúkra- (2). Með fylgdi einnig listi með sambærilegum færslum úr hugtakasafni Þýðingamiðstöðvar Utanríkisráðuneytisins.

Eftir talsverða umræðu var samþykkt að íslenska þýðingin á physical allergy yrði skráð sem „eðlisrænt ofnæmi“ í stað núverandi þýðingar: „eðlisfræðilegt ofnæmi“.

Smit og smitun. Þessi íslensku heiti hafa verið mikið í almennri umræðu í tengslum við kórónuveirufaraldurinn. JHJ lagði fram lista með núverandi færslum í Íðorðasafni lækna þar sem íslensku orðin „smit“ (11 færslur) og „smitun“ (30 færslur) koma fyrir. Hann taldi að þessi orð hefðu merkingarmun, sem ekki hefði tekist að aðgreina nógu vel, og óskaði eftir ítarlegri umræðu. Með listanum fylgdu færslur með þessum orðum úr gagnasöfnum Stofnunar Árna Magnússonar, af Vísindavefnum og úr lagasafni. Eftir talsverða umræðu var JHJ falið að leggja fram tilögur til afgreiðslu á næsta fundi.

3. Önnur mál.

Eyjólfur Þ. Haraldsson, læknir og nefndarmaður, hafði tilkynnt JHJ að hann óskaði nú eftir lausn frá frekari nefndarsetu, fyrst og fremst vegna aldurs (f. 1940). Þetta kom flatt upp á nefndarmenn þar sem Eyjólfur hefur verið mjög starfssamur fram til þessa og sérlega virkur í nefndarstörfunum þrátt fyrir tilgreindan aldur. Fundarmenn allir vildu þakka Eyjólfu fyrir áratuga þátttöku í starfi Orðanefndar lækna og óbilandi áhuga hans og vönduð vinnubrögð alla tíð.

Fundurinn var nú - vegna kórónuveirufaraldursins - haldinn með hljóð- og myndbandsbandi gegnum ZOOM-forritið. Fundarmenn voru ánægðir með það hvernig til tókst. Óvíst er nú hvenær hægt verður að halda nefndarfundi í húsnaði hjá Stofnun Árna Magnússonar að Laugavegi 13 og hugsanlega verða því fleiri Orðanefndarfundir haldnir á þennan hátt.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur var ekki ákveðinn að sinni en lauslega ráðgerður í janúar 2021. JHJ mun að venju undirbúa og boða fund með hefðbundnu tölvupóstskeyti.

Fundi var slitið um kl. 10:00. Fundargerð ritaði JHJ.